

# Viðnámsbreytingar í þunnum Mg-húðum undir stöðugri breytingu í vetnisþrýstingi

Árni Sigurður Ingason<sup>1</sup>, Sveinn Ólafsson<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Science Institute, University of Iceland,  
Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík, Iceland

## Abstract

Aukinn áhugi á málmhýdríðum til geymslu á vetni byggðum á Magnesín hefur vakið athygli fólks á þunnum húðum sem aðferð til að búa til slíkar blöndur. Segulspætun er tækni til ræktunnar þunnra húða og sýnt hefur verið fram á að viðnámsbreytingar í slíkum húðum undir vetnisþrýstingi gefa vísbendingu um bindiorku og hreyfinginleika vetnis í efninu. Viðnámsmælingar á hreinum Mg húðum voru gerðar þar sem vetnisþrýstingurinn var aukinn og minnkaður stöðugt. Mælingarnar benda til þess að uptaka og afvetnun húðanna séu mjög háðar yfirborðseiginleikum þeirra. Þetta gefur vísbendingu um ólíka fasabreytingahegðun fyrir upp-töku annars vegar og afvetnun hins vegar.